



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Minnisblað ríkislögreglustjóra um öryggisvottanir,
lagt fram á fyrsta fundi Þjóðaröryggisráðs 22. maí 2017.

Lög nr. 98/2016 um þjóðaröryggisráð kveða ekki á um öryggisvottun. Hins vegar er ljóst af hlutverki ráðsins að ráðsliðar kunna að fjalla um málefni sem kalla á slíka vottun. Í varnarmálalögum nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012 um vernd trúnaðarupplýsinga, öryggisvottanir og öryggisviðurkenningar á sviði öryggis- og varnarmála sem sett er með stoð í lögunum er kveðið á um öryggisvottun og bakgrunnsskoðun.

Utanríkisráðherra ber ábyrgð á útgáfu öryggisvottana. Ríkislögreglustjóri gefur út öryggisvottanir í umboði ráðherra. Ríkislögreglustjóri annast bakgrunnsskoðanir vegna þeirra.

Öryggisvottanir eru gefnar út til að staðfesta öryggishæfi einstaklings til aðgangs að trúnaðarupplýsingum að ákveðnu trúnaðarstigi, búnaði eða mannvirkjum á sviði öryggis- og varnarmála.

Þeir sem meðhöndla trúnaðarupplýsingar skulu hljóta öryggisvottun áður en aðgangur að slíkum upplýsingum er veittur, fræðslu um meðferð trúnaðarflokkaðra upplýsinga og undirrita yfirlýsingu þar sem þeir staðfesta ábyrgð sína og skyldur við að meðhöndla upplýsingarnar.

Krafa er gerð um öryggisvottun einstaklinga að viðkvæmum upplýsingum, búnaði eða mannvirkjum á sviði öryggis- og varnarmála er varða stjórnýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði, samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála þ.m.t. Atlantshafsbandalagið (NATO), Evrópusambandið (ESB), Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og samstarf Norðurlandanna.

Af ráðsliðum Þjóðaröryggisráðs er ráðherrum heimilaður aðgangur að slíkum upplýsingum án öryggisvottunar. Aðrir ráðsliðar, þ.e. ráðuneytisstjórar, ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslunnar, fulltrúi Landsbjargar, tveir þingmenn og ritari ráðsins þurfa öryggisvottun, fjalli ráðið um slík málefni. Starfa sinna vegna hafa ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslunnar, ráðuneytisstjórar utanríkisráðuneytisins og forsætisráðuneytisins gilda öryggisvottun. Þá skulu allir ráðsliðar hljóta fræðslu um meðferð trúnaðarflokkaðra upplýsinga og undirrita yfirlýsingu þar sem þeir staðfesta ábyrgð sína og skyldur við meðhöndlun þeirra, það á einnig við um ráðherra.

Tengiliður ríkislögreglustjóra vegna umsókna um öryggisvottun er Kristín Guðmundsdóttir, greiningardeild. Sími 444-2710, netfang kg@logreglan.is.